

Ed.

45. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingar á ákvæðum siglingalaganna 22. nóv. 1913 um árekstur og björgun.

Nefnd sú er sett var í Ed. í fyrra, til að athuga siglingalögin, tekur það fram í nefndaráliti sínu, að hún treysti því, að ákvæðum þess frumvarps um árekstur og björgun verði breytt í samræmi við samninga, er 24 þjóðir gerðu í Brüssel 1910 um þetta efni, jafnskjótt og unt er, eftir að þeir samningar eru staðfestir eða fullgiltir.

Þessi staðfesting hefir farið fram í Danmörku með tilskipun 16. júní 1913, og enn fremur hafa samningarnir verið fullgiltir í helstu ríkjum Norðurlálfu.

Frumvarp þetta inniheldur áminstar breytingar á siglingalögunum, og leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum, sem að nokkru að eins eru orðabreytingar, en að nokkru gerðar til þess, að fá betra samræmi í ákvæði frumvarpsins við ákvæði samninganna.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna í annari línu 1. málsgrein: »annað þeirra var eitt saman sök í árekstrinum«
komi: sökin liggur öll annars vegar,
og í stað orðanna á sama stað síðar í línunni: »hið seka skip«
komi: hinn seki.
2. — 1. — Fyrsta setning annarar málsgreinar orðist svo:
Nú er sökin beggja megin, og skal þá skaðinn bættur að rjettri tiltölu við sök hvers þeirra.
3. — 1. — Endir sömu málsgreinar frá orðunum »þá bæta« til enda, orðist svo:
Þá bæta hinir seku tjónið að jöfnum hlutum.
4. — 1. — Í stað orðanna í upphafi þriðju málsgreinar: »Hvort hinna seku skipa«
komi: hver hinna seku,

og í stað sömu orða í annari setningu sömu málsgreinar
komi: hvern hinna seku.

5. Við 1. gr. Sama málsgrein frá orðunum: »Ef eitthvert« og til enda hljóði
svo:

Ef einhver hinna seku hefir af þessum ástæðum orðið að greiða
meiri bætur heldur en í hans hlut áttu að koma að rjettri tiltölu,
þá á hann endurgjaldsrjett á hendur hinum á þeirri upphæð,
sem hann varð að greiða umfram sinn hlut.

6. — 1. — Orðin »hvors skips þá« í síðustu málsgrein falli burtu.

7. — 3. — Í stað orðanna: »tjón af árekstri«
komi: árekstur.

Alþingi 7. júlí 1914.

Eiríkur Briem, Karl Einarsson, Sigurður Stefánsson.
formaður. skrifari og framsögum.

Kristinn Danielsson.

H. J. Kristófersson.